
FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Þekking Íslendinga á hugtakinu sjálfbær þróun

Unnið fyrir Þorvarð Árnason, verkefnastjóra

Júní 2002

Skýrslugerð:
Andrea G. Dofradóttir

EFNISYFIRLIT

I. Framkvæmd og heimtur.....	2
II. Sjálfbær þróun.....	3
III. Bakgrunnsgreining á fyrri spurningu.....	4
IV. Bakgrunnsgreining á seinni spurningu.....	6

I. FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði þjóðmálakönnun dagana 20. apríl til 2. maí 2002, þar sem meðal annars var spurt um sjálfbæra þróun. Stuðst var við slembiúrtak úr þjóðskrá sem náði til 1200 manns á aldrinum 18 til 80 ára af landinu öllu.

Viðtöl voru tekin í síma. Alls fengust svör frá 777 af þeim 1200 sem voru í úrtakinu, en það er um 66% svarhlutfall þegar frá upphaflegu úrtaki hafa verið dregnir þeir sem eru nýlega láttnir, erlendir ríkisborgarar og fólk sem búsett er erlendis.

Fullnægjandi samræmi er milli skiptingar svarendahópsins og þjóðarinnar allrar eftir aldri, kyni og búsetu. Því má ætla að svarendahópurinn endurspegli þjóðina, 18 til 80 ára, allvel.

Um framkvæmd könnunar

Upplýsingasöfnun:	20. apríl - 2. maí 2002
Úrtak:	1200 manns
Aldurshópur:	18 – 80 ára
Búseta:	Allt landið
Framkvæmdamáti:	Símaviðtöl
Nettósvörun:	66%

Yfirlit yfir heimtur

	Fjöldi alls	Hlutfall alls
Svör	779	66%
Neituðu að svara	255	22%
Veikir eða geta ekki svarað	14	1%
Næst ekki í, fluttir eða finnast ekki	133	11%
Búsettir erlendis eða láttnir	19	-
Samtals	1200	100%

II. SJÁLFBÆR ÞRÓUN

Í könnuninni voru allir þátttakendur spurðir eftirfarandi spurningar: „Hefur þú heyrt um sjálfbæra þróun?“ Þeir sem svöruðu spurningunni játandi voru þá spurðir áfram: „Telurðu þig hafa skýra hugmynd um hvað felst í sjálfbærri þróun?“.

Eins og sjá má í töflu 1 svöruðu alls 777 þátttakendur fyrri spurningunni. Hlutfall þeirra sem sögðust hafa heyrt eða ekki heyrt um sjálfbæra þróun var næstum jafnt. Um það bil helmingur svarenda sagðist hafa heyrt um sjálfbæra þróun og um það bil helmingur sagðist ekki hafa heyrt um sjálfbæra þróun.

Tafla 1.
Hefur þú heyrt um sjálfbæra þróun?

	Fjöldi	Hlutfall	Vikmörk
Já	386	49,7	+/-3,5
Nei	387	49,8	+/-3,5
Veit ekki	4	0,5	
<i>Alls</i>	777	100,0	

Af þeim sem sögðust hafa heyrt um sjálfbæra þróun töldu tæplega 60% sig ekki hafa skýra hugmynd um hvað fælist í sjálfbærri þróun, en tæp 40% töldu sig hafa skýra hugmynd um það. Munurinn á hópunum tveimur er innan skekkjumarka og því má fullyrða með 95% vissu að 60% Íslendinga á aldrinum 18-80 ára sem heyrt hafa um sjálfbæra þróun telji sig ekki hafa skýra hugmynd um í hverju hún felst.

Tafla 2.
Telurðu þig hafa skýra hugmynd um hvað felst í sjálfbærri þróun?

	Fjöldi	Hlutfall (%)	Vikmörk
Já	152	39,4	+/-4,9
Nei	231	59,8	+/-4,9
Veit ekki	3	0,8	
<i>Alls</i>	386	100,0	

III. BAKGRUNNSGREINING Á FYRRI SPURNINGU

Í eftirfarandi töflum eru svör við spurningunni „Hefurðu heyrt um sjálfbæra þróun?“ greind eftir ólíkum bakgrunnspáttum. Til að meta áhrif þessara bakgrunnspátta var notað tölfræðiprófið Kí-kvaðrat. Þegar prófið greinir tölfræðilega marktækan mun á hlutföllum er þess getið í texta. Aftan við heiti taflna eru notaðar stjörnumerkingar þegar um tölfræðilega marktækan mun er að ræða. Ein stjarna merkir að munurinn var tölfræðilega marktækur miðað við 95% vissu, tvær stjörnur standa fyrir tölfræðilega marktækt miðað við 99% vissu og þrjár stjörnur miðað við 99,9% vissu.

Þegar svörin við spurningunum voru greind efir kyni kom í ljós að hlutfallslega fleiri karlar en konur sögðust hafa heyrt um sjálfbæra þróun. Tæplega 54% karla höfðu heyrt um sjálfbæra þróun en einungis rúm 46% kvenna. Munurinn er tölfræðilega marktækur.

Tafla 3.
Hefur þú heyrt um sjálfbæra þróun?
Skipt eftir kyni*

	Fjöldi	Já Hlutfall (%)	Nei Hlutfall (%)	
Karlar	389	53,7	46,3	100%
Konur	384	46,1	53,9	100%
Alls	773	49,9	50,1	100%

Einnig reyndist marktækur munur á því hvaða aldurshópar höfðu heyrt um sjálfbæra þróun. Hlutfallslega flestir, eða rúm 61%, sögðust hafa heyrt um sjálfbæra þróun í aldurshópnum 45-59 ára en hlutfallslega færstir höfðu heyrt um sjálfbæra þróun í yngsta aldurshópnum, eða tæp 34%. Í hinum aldurshópnum skiptust svörin mun jafnar.

Tafla 4.
Hefur þú heyrt um sjálfbæra þróun?
Skipt eftir aldri***

	Fjöldi	Já Hlutfall (%)	Nei Hlutfall (%)	
18-24 ára	133	33,8	66,2	100%
25-34 ára	144	50,0	50,0	100%
35-44 ára	169	52,1	47,9	100%
45-59 ára	184	61,4	38,6	100%
60-80 ára	143	47,6	52,4	100%
Alls	773	49,9	50,1	100%

Enginn munur var á svörum fólks af landsbyggðinni og af höfuðborgarsvæðinu. Í báðum hópunum hafði um það bil helmingur heyrt um sjálfbæra þróun og helmingur ekki.

Tafla 5.
Hefur þú heyrt um sjálfbæra þróun?
Skipt eftir búsetu

	Fjöldi	Já	Nei	
		Hlutfall (%)	Hlutfall (%)	
Höfuðborgarsvæði	439	49,7	50,3	100%
Landsbyggð	334	50,3	49,7	100%
<i>Alls</i>	773	49,9	50,1	100%

Marktækur munur var á hlutfalli þeirra sem höfðu heyrt um sjálfbæra þróun eftir menntun. Almennt má segja að hlutfall þeirra sem höfðu heyrt um sjálfbæra þróun hækkaði eftir því sem þeir höfðu meiri menntun. Þannig höfðu einungis rúm 38% þeirra sem höfðu ekki lokið neinu námi eftir skyldunám heyrt um sjálfbæra þróun á meðan að tæp 73% háskólamenntaðra höfðu heyrt um sjálfbæra þróun.

Tafla 6.
Hefur þú heyrt um sjálfbæra þróun?
Skipt eftir menntun***

	Fjöldi	Já	Nei	
		Hlutfall (%)	Hlutfall (%)	
Grunnskólapróf	244	38,1	61,9	100%
Starfsnám	114	44,7	55,3	100%
Iðnnám	135	41,5	58,5	100%
Bóklegt framhald	133	60,9	39,1	100%
Nám á háskólastigi	143	72,7	27,3	100%
<i>Alls</i>	769	50,1	49,9	100%

IV. BAKGRUNNSGREINING Á SEINNI SPURNINGU

Í eftirfarandi töflum eru svör við spurningunni „Telurðu þig hafa skýra hugmynd um hvað felst í sjálfbærri þróun?“ greind eftir sömu bakgrunnspáttum og fyrri spurningin. Til að meta áhrif þessara bakgrunnspáttanna var aftur notað tölfræðiprófið Kí-kvaðrat og eru niðurstöður settar fram á sama hátt og í kaflanum hér á undan.

Eins og sjá má í töflu 7 sögðust hlutfallslega fleiri karlar hafa skýra hugmynd um hvað fælist í sjálfbærri þróun en konur. Um 46% karla töldu sig tilheyra þessum hópi en einungis tæp 33% kvenna.

Tafla 7.
Telurðu þig hafa skýra hugmynd um hvað felst í sjálfbærri þróun?
Skipt eftir kyni**

	Fjöldi	Já Hlutfall (%)	Nei Hlutfall (%)	
Karlar	206	45,6	54,4	100%
Konur	177	32,8	67,2	100%
<i>Alls</i>	383	39,7	60,3	100%

Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á hvort svarendur töldu sig hafa skýra hugmynd um í hverju sjálfbær þróun fælist eftir aldri.

Tafla 8.
Telurðu þig hafa skýra hugmynd um hvað felst í sjálfbærri þróun?
Skipt eftir aldri

	Fjöldi	Já Hlutfall (%)	Nei Hlutfall (%)	
18-24 ára	45	24,4	75,6	100%
25-34 ára	71	35,2	64,8	100%
35-44 ára	87	42,5	57,5	100%
45-59 ára	113	43,4	56,6	100%
60-80 ára	67	44,8	55,2	100%
<i>Alls</i>	383	39,7	60,3	100%

Þá var ekki tölfræðilega marktækur munur á því hvort svarendur töldu sig hafa skýra hugmynd um í hverju sjálfbær þróun fælist eftir búsetu.

Tafla 9.
Telurðu þig hafa skýra hugmynd um hvað felst í sjálfbærri þróun?
Skipt eftir búsetu

	Fjöldi	Já Hlutfall (%)	Nei Hlutfall (%)	
Höfuðborgarsvæði	215	42,3	57,7	100%
Landsbyggð	168	36,3	63,7	100%
Alls	383	39,7	60,3	100%

Hins vegar reyndist tölfræðilega marktækur munur á því hvort svarendur töldu sig hafa skýra hugmynd um í hverju sjálfbær þróun fælist eftir menntun. Þannig töldu hlutfallslega mun fleiri svarendur með háskólamenntun sig hafa skýra hugmynd um í hverju sjálfbær þróun fælist miðað við hópa á öðrum menntastigum.

Tafla 10.
Telurðu þig hafa skýra hugmynd um hvað felst í sjálfbærri þróun?
Skipt eftir menntun***

	Fjöldi	Já Hlutfall (%)	Nei Hlutfall (%)	
Grunnskólapróf	92	30,4	69,6	100%
Starfsnám	52	28,8	71,2	100%
Iðnnám	55	43,6	56,4	100%
Bóklegt framhald	80	32,5	67,5	100%
Nám á háskólastigi	103	57,3	42,7	100%
Alls	382	39,8	60,2	100%